

### Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Fjallað er um grundvallarhugtökin eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að bóka almennar færslur í dagbók og aðalbók, hafi skilning á uppgjöri og hæfni til að setja fram efnahags- og rekstrarreikning. Nemendur öðlast innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Fjallað verður um tilgang bókhalds og helstu lög um bókhald og virðisaukaskatt.

### Markmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:

- grundvallarhugtökum tvíhliða bókhalds
- bókhaldshringrásinni
- dagbók
- aðalbók
- rekstrarreikningi
- efnahagsreikning
- viðskiptamannabók

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- færa einfaldar dagbókarfærslur
- stilla upp prófjöfnuði
- gera upp virðisaukaskatt
- færa niðurstöður dagbókar í aðalbók
- færa í viðskiptamannabók
- gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta hafið bókhald með fyrirliggjandi efnahagsreikningi eða við stofnun fyrirtækis
- geta gert lagfæringar á bókhaldi með hliðsjón af einföldum dagbókarfærslum, svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, ógreiddan og fyrirframgreiddan kostnað
- vera fær um að setja upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti til athugasemda og lokafærslna

## Námsgögn

**Tvíhliða bókhald 1.34.** Sigurjón Valdimarsson.

Verkefni frá kennara.

Nauðsynlegt er að hafa vasareikni, blýant og strokleður með í kennslustundir. Einnig er gott að hafa glósubók.

## Námsmat

Áfanginn er án hefðbundins lokaprófs. Á önninni verða lögð fyrir minni könnunarpróf og verkefni til að nemandi geti metið stöðu sína. Einnig verða lögð fyrir tvö stærri próf í lok annar.

Hlutar námsmats:	Vægi	Tími/vika
Próf 1	35%	28. nóvember
Próf 2	35%	5. desember
Verkefni á önn	30%	Á önninni

## Sérreglur áfangans

Nemandi skal standast hvern hluta hluta námsmatsins til að standast áfangann. Niðurstöður námsmats munu liggja fyrir á prófsýningu í lok annar. Nemandi sem ekki kemst í annað af „stóru“ prófunum vegna **veikinda** eða **leyfa frá skóla** gefst kostur á að taka sjúkrapróf á prófatíma í lok annar og gilda reglur um sjúkrapróf í þeim tilvikum. Mæti nemandi ekki í próf fær hann einkunnina 0. Mæti nemandi í próf og skilar ekki lausn fær hann einkunnina 0.

## Kennari

Pórey Hilmarsdóttir [tho@fsu.is](mailto:tho@fsu.is)

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.